




HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ  
Á AKUREYRI

## Ársskýrsla 2020



Brekkugötu 17, 600 Akureyri

herak@herak.is - [www.herak.is](http://www.herak.is)

460-1290

## Inngangur

Héraðsskjalasafnið á Akureyri starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð nr 283/1994 um héraðsskjalasöfn. Safnið starfar einnig skv. samþykkt um Héraðsskjalasafnið á Akureyri sem síðast var breytt og staðfest í nóvember 2012. Akureyrarbær á og rekur safnið en þau sveitarfélög sem að safninu standa leggja til rekstrarfé. Stjórn Akureyrarstofu hefur umsjón með Héraðsskjalasafninu í umboði bæjarstjórnar.

Starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nær yfir fimm sveitarfélög við Eyjafjörð, frá Hörgársveit vestan fjarðar til og með Grýtubakkahreppi austan Eyjafjarðar. Sveitarfélögin eru Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Íbúar á svæðinu voru 21.767 þann 1. desember 2020.



Safnið er opið öllum sem á þjónustu eða upplýsingum þurfa að halda, hvort sem það er vegna vinnu, verkefna eða áhugamála. Í upphafi ársins 2020 var afgreiðslutíma safnsins breytt og farið var að hafa lokað á miðvikudögum. Markmið þessara breytinga er að geta sótt skilaskylda aðila heim án röskunar á afgreiðslutíma safnsins að öðru leyti. Vissulega er styttri afgreiðslutími skerðing á þjónustu en þar sem safnið hefur einnig það lögbundna hlutverk að veita faglega ráðgjöf og hafa eftirlit með skjalavörslu þeirra sem skilaskyldir eru til safnsins er verið að huga að þeim þætti starfseminnar með þessari breytingu.

Safnið er opið mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá 10.00 til 16.00.

Á árinu 2020 voru stöðugildin á safninu tvö líkt og undanfarin ár. Starfsmenn voru Lára Ágústa Ólafsdóttir héraðsskjalavörður og þær Sunnefa Lind Þórarinsdóttir og Katrín Björg Þórisdóttir gegndu starfi skjalavarðar, Sunnefa frá ársbyrjun fram til aprílloka og Katrín síðari hluta ársins. Sunnefa vann einnig að miðlunarverkefni á árinu.


## Starfsemi

Starfsemi safnsins má í meginráttum skipta í fimm þætti:

- Þjónusta og afgreiðsla við notendur safnsins
- Móttaka skjala frá skilaskyldum aðilum og einkaaðilum
- Skráning, frágangur og miðlun á skjalaskrá á lestrarsal og á heimasíðu safnsins
- Ráðgjöf og eftirlit með skjalavörslu skilaskyldra aðila
- Miðlun safnkosts á heimasíðu safnsins

Frá því að safnið var opnað fyrir rúmum 50 árum hefur starfsemi og hlutverk þess tekið umtalsverðum breytingum í takt við lög sem um starfsemina gilda og breytingar á samfélaginu. Héraðsskjalasafnið er í senn stjórnvísustofnun, þjónustu- og menningarstofnun, með ábyrgðarmikið hlutverk þegar kemur að réttindum íbúa og/eða rekjanleika og gagnsæis þegar kemur að stjórnvaldsákvörðunum. Það er mikilvægt að sveitarfélögin, stofnanir þeirra sem og almenningur geti með auðveldum hætti nýtt sér þjónustu Héraðsskjalasafnsins enda er rekstur þess mikilvægur hluti af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin veita íbúum í héraði.

## Covid-19 áhrif og gestir




Brekkugötu 17 var reglulega skipt í sóttvarnarhólf á árinu

eða 348. Um 35% þeirra voru konur.

Árið 2020 verður seint talið til hefðbundinna ára og vissulega hafði Covid-19 faraldurinn áhrif á starfsemi Héraðsskjalasafnsins á árinu. Augljósustu merki þess eru færri opnunardagar og þar af leiðandi færri gestir. Eins og áður segir var afgreiðslutíma safnsins breytt í ársbyrjun og því var ekki lengur opið fyrir afgreiðslu á miðvikudögum. Auk þess var safnið lokað í 42 daga, að boði sóttvarnaryfirvalda, sem að öllu jöfnu hefði verið opið. Gestirnir voru því helmingi færri en á venjulegu ári

## Útlán og fyrirspurnir


Þrátt fyrir verulega fækkun gesta var umtalsverð aukning í útlánum og töldust þau 6.261. Einhvern hluta þessarar aukningar má rekja til fleiri millisafnalána en áður og að hluta má rekja aukninguna til þess að farið var að telja fleira en áður s.s. útlán vegna sýninga og fyrirspurna.




Fyrirspurnir voru álíka margar og árin á undan en þegar safnið var lokað var áhersla lögð á kynningar á samfélagsmiðlum og aðra möguleika til þess að nýta sér þjónustu safnsins en þá að koma í heimsókn. Aðstoð við viðskiptavini símleiðis eða með rafrænum leiðum kom því að einhverju leyti í stað hefðbundinnar þjónustu á lestrarsal.

## Aðföng

Alls bárust 65 afhendingar árið 2020, sem er nokkuð minna en á venjulegu ári og má ef til vill rekja til áhrifa Covid-19. Umfang þessara 65 afhendinga er 50,59 hillumetrar en það er í meðallagi miðað við hvað bæst hefur við safnkostinn síðustu ár.





Af þessum 65 afhendingum sem bárust árið 2020 voru 19 frá skilaskyldum aðilum en hinar komu frá einkaaðilum þ.e. einstaklingum, félögum og einkareknum fyrirtækjum.




Afhendingar geta verið allt frá einu blaði upp í einhverja tugi hillumetra og ástand skjalanna er einnig misjafnt. Það væri ákjósanlegast að gera sett afhendingarnar beint upp í hillu en oft er sá möguleiki ekki fyrir hendi og þá er það undir starfsfólkinu komið að ganga frá skjölunum með viðeigandi hætti. Það er því nokkuð ólíkt hvað tekur við eftir að skjölin eru komin á safnið en lokaskrefið er að birta skjalaskrár á heimasíðu safnsins og hafa aðgengilegar á lestrarsalnum, í samræmi við lög. Á árinu 2020 komu 34,45

hillumetrar af fullfrágengnum skjölum, sem er 68 % þess sem barst; 6,07 hillumetrar komu af hálfskráðum skjölum og 10,07 hillumetrar af óskráðum skjölum. Með hálfskráðum skjölum er átt við að búið er að hreinsa skjölin og flokka og eitthvert yfirlit fylgir afhendingunni.

Um afhendingarnar í heild sinni má segja að meirihluti þeirra eru einkaskjöl ef litið er til fjölda en mun fleiri hillumetrar koma frá skilaskyldum aðilum. Langstærsti hluti þess sem kemur frá skilaskyldum aðilum eru fullfrágengin skjöl og það sem kemur frá einkaaðilum er að mestu leyti óskráð.



## Fundir og fræðsla




Frá fundi stjórnar Félags héraðsskjalavarða á Teams

Þau námskeið og fundir sem starfsfólk sótti árið 2020 voru haldin með rafrænum hætti. Árlegur vorfundur opinberra skjalasafna féll niður vegna Covid-19 og hið sama er að segja um haustfund Félags héraðsskjalavarða sem halda átti í Neskaupsstað. Fræðslufundir sem starfsfólk tók þátt í voru haldnir á vegum Félags héraðsskjalavarða og þar flutti starfsfólk Þjóðskjalasafns erindi um myglu á skjalasöfnum annars vegar og

hins vegar um reglur Þjóðskjalasafns nr. 77/2020 um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila.

## Sýningar og samfélagsmiðlar

Eins og fyrri ár voru settar upp örsýningar á 3ju hæðinni fyrir framan Héraðsskjalasafnið. Sýningarnar eru örsýningar í þeim skilningi að þær standa yfirleitt í skamman tíma og eru litlar að umfangi. Á árinu 2020 voru örsýningarnar fimm. Fyrsta sýningin bar yfirskriftina *Á efnisskrá tónleikanna*. Meginefni þeirrar sýningar kom úr skjalasafni Jakobs Tryggvasonar sem var áhrifamaður í tónlistarlífi Akureyringa um árabil. Í júní tók við sýningin *Sund við Eyjafjörð* og í kjölfarið kom sýning á fermingarkortum en slík kort fylgja tiskustraumum og tíðarandanum eins og margt annað.



Frá örsýningunni *Á efnisskrá tónleikanna*

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO tileinkaði hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum árið 2020 og af því tilefni var örsýningin í október og nóvember helguð þessum starfsstéttum. Í desember voru að venju dregin fram skjöl sem minna á jólin og að þessu sinni voru það jólakort með ljósmyndum af Akureyrarkirkju.

Í nóvember var Héraðsskjalasafnið með sýningarrýmið á 1. hæð og setti þar upp sýninguna *Hernumið land*, í tilefni norræna skjaladagsins. Um nokkurt skeið hafa opinber skjalasöfn á Norðurlöndum sameinast um kynningardag annan laugardag í nóvember en þemu dagsins hafa stundum verið sameiginleg og önnur ár ekki. Árið 2020 var þema dagsins íslenskt og var þess minnst að á árinu voru 80 ár liðin frá því er landið var hernumið í maí 1940. Efni sýningarinnar var af tvennum toga: annars vegar skjöl úr geymslum safnsins sem tengjast á einhvern hátt hernáminu og veru hermanna í Eyjafirði og hins vegar ljósmyndir sem Minjasafnið á Akureyri lagði til sýningarinnar og sýna hernámið í Eyjafirði á einhvern hátt.



Sýnishorn af Instagram stories frá nóvember 2020

Samkeppnin um athygli er mikil og á árinu tók safnið nokkurn þátt í þeirri keppni á samfélagsmiðlum. Þótt Facebook og Instagram reikningar í nafni safnsins hafi verið til áður urðu lokanir vegna Covid-19 til þess að meiri rækt var lagt við þá möguleika sem samfélagsmiðlanir bjóða uppá en áður. Á Facebook var s. hl. ársins áhersla lögð á skilgreiningar á hugtökum í skjalavörslu og skjalastjórn með vikulegum innslögum en á Instagram var það geðslag starfsfólks á hverjum tíma sem mestu réði um efnistökin.

## Miðlunarverkefni



Á árinu 2020 fékk Héraðsskjalasafnið tvo styrki frá Þjóðskjalasafni Íslands til þess að gera skjöl safnsins aðgengileg á heimasíðu sinni. Annars vegar voru myndaðar úttektar- og uppboðsbækur úr Glæsibæjar-, Saurbæjar-, Skriðu- og Öngulsstaðahreppum frá árunum 1825-1939 og hins vegar bréfabækur frá Akureyri, Hríseyjarhreppi og Grýtubakkahreppi frá árunum 1915-1938. Afraksturinn var tæplega 3000 myndir og bættust við þær myndir sem þegar voru aðgengilegar á heimasíðunni. Í árslok var hægt að skoða 268 bækur safnsins að heiman og heildarfjöldi mynda var 50.843.

## Rekstraryfirlit 2020

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er sjálfstæð skjalavörslustofnun sem Akureyrarbær rekur en Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandahreppur leggja til rekstrarfé í hlutfalli við íbúafjölda. Ríkissjóður styrkir safnið árlega og ákvarðast sú fjárhæð af fjárlögum hvers árs. Á árinu fékk safnið auk þess verkefnastyrki frá Þjóðskjalasafni til miðlunar safnefnis.

	<b>Rekstrarkostnaður alls kr.</b>	<b>52,773,818</b>	
40	Tekjur - vörusala og þjónusta	134,847	cr
40	Tekjur - framlag ríkissjóðs	1,026,000	cr
40	Tekjur - verkefnastyrkur Þjóðskjalasafns Íslands	1,812,400	cr
40	Tekjur - sveitarfélög utan Akureyrar	5,285,192	cr
51	Launakostnaður og annar starfsmannakostnaður	20,841,913	
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	2,436,473	
54	Húsaleiga og lausafjárleiga Fasteigna Akureyrarbæjar	25,512,996	
54	Önnur þjónustukaup og ræsting	3,982,436	
	<b>Akureyrarkaupstaður kr.</b>	<b>44,515,379</b>	



## Afhendingar 2020 – yfirlit

Aðf.nr	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2020/1	Davíðshús	0,03	Pórður Sævar Jónsson Amtsbókasafni
2020/2	Leikskólinn Kiðagil	2,64	Inda Björk Gunnarsdóttir Kiðagili
2020/3	Glerárskóli	0,03	Brynja Sigurðardóttir Glerárskóla
2020/4	Ferðafélag Akureyrar	0,79	Kristbjörg Sigurðardóttir
2020/5	Pétur Virgar Hansson (1952-2018) véltæknifræðingur	0,03	Sigurlína Valgeirsdóttir
2020/6	Hrefna Hjálmarsdóttir og Ingólfur Ármannsson Akureyri	0,1	Hrefna Hjálmarsdóttir
2020/7	Kvenfélagið Baldursbrá	0,11	Snjólaug Ósk Aðalsteinsdóttir
2020/8	Hanna Rósa Sveinsdóttir (1966-)	0,03	Ragna Gestsdóttir Minjasafni
2020/9	Ingibjörg Steindórsdóttir (1912-2010) iðnverkakona	0,03	Ragna Gestsdóttir Minjasafni
2020/10	Ungmennafélagið Væringjar	0,03	Emilía Baldursdóttir
2020/11	Baldur Sigurðsson og Anna Helgadóttir Syðri Hóli	0,05	Emilía Baldursdóttir
2020/12	Verkfræðiskrifstofa Norðurlands	0,16	Bragi Sigurðsson
2020/13	Hagsmunafélag húseigenda og íbúa við Melateig 1-41	0,23	Leifur Brynjólfsson
2020/14	Síðuskóli	8,84	Ólöf Inga Andrédóttir Síðuskóla
2020/15	Amtsbókasafnið á Akureyri	0,45	Berglind Valdimarsdóttir Amtsbókasafni
2020/16	Jón Sigurðsson (1883-1940) vélfræðingur	0,26	Sigurveig Sigurðardóttir
2020/17	Ebba Jónsdóttir (1935-)	0,03	Sigurveig Sigurðardóttir
2020/18	Vélbátatrygging Eyjafjarðar	0,05	Sigurveig Sigurðardóttir
2020/19	Akureyri í öndvegi	0,22	Árni Geirsson
2020/20	Árni Jónsson (1884-1924) bóndi Þverá	0,11	Árni Sævar Jónsson
2020/21	Þorbjörg Finnbogadóttir (1921-2008) húsmæðrakennari	0,03	Guðrún Sigurðardóttir
2020/22	Þorsteinn Thorlacíus (1886-1970) bóksali og prentsmiðjustjóri	0,3	Einar Thorlacíus
2020/23	Rafn Jónsson (1925-1991) bóndi í Hólum	0,16	Geirlaug Jóna Rafnsdóttir
2020/24	Kristneshæli	0,03	Bjarni Arthursson
2020/25	Zontaklúbbur Akureyrar	0,08	Aðalbjörg Sigmarsdóttir
2020/26	Sundfélagið Óðinn	0,08	Dýrleif Skjöldal
2020/27	Akureyribær - fræðsluvið - skólaþjónusta	1,54	Helga Vilhjálmsdóttir fræðsluviði
2020/28	Verslunin Eyjafjörður	0,15	Guðrún H. Gunnarsdóttir
2020/29	Margrét Ólafsdóttir Håkansson (1917- 2002) Reykjavík	0,03	Sigríður Ísafold Håkansson
2020/30	Eyjólfur Helgi Þórarinnsson og María Sigríður Hermannsdóttir Keflavík	0,03	Guðrún Eyjólfsdóttir
2020/31	Sverrir Pálsson (1924-2017) skólastjóri	0,08	Oddur Pálsson
2020/32	Guðmundur Karl Pétursson (1901-1970) yfirlæknir	0,08	Brynjólfur Ingvarsson

Aðf.nr	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2020/33	Sigrún Pálína Pálsdóttir (1869-1925) húsmóðir Vatnsenda	0,03	Kristrún Ásvaldsdóttir
2020/34	Eysteinn Árnason (1923-2012) forstjóri	0,05	Ragna Eysteinsdóttir
2020/35	Árni Björnsson (1894-1966) kennari	0,35	Ragna Eysteinsdóttir
2020/36	Jakob Ólafur Pétursson (1907-1977) ritstjóri og skrifstofumaður	0,66	Nanna G. Ingvadóttir
2020/37	Öngulsstaðahreppur	0,03	Nanna G. Ingvadóttir
2020/38	Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri	0,08	Þorsteinn Arnórsson
2020/39	Verkalýðsfélagið Eining	0,08	Þorsteinn Arnórsson
2020/40	Verkalýðsfélagið Vaka	0,16	Þorsteinn Arnórsson
2020/41	Húsfélag Alpýðuhúsins Skipagötu 14	0,4	Þorsteinn Arnórsson
2020/42	Eining-Iðja	3,02	Þorsteinn Arnórsson
2020/43	Heiðís Norðfjörð (1940-2021) dagskrárgerðarkona	1,07	Jóhann Valdemar Norðfjörð Gunnarsson
2020/44	Akureyrarbær - umhverfis og mannvirkjasvið (tækni og umhverfissvið)	14,62	Hjálmar Árnason skipulagssviði
2020/45	Hríseyjarhreppur	0,14	Elín Dögg Guðjónsdóttir stjórnsýslusviði
2020/46	Lystigarðurinn á Akureyri	0,56	Elín Dögg Guðjónsdóttir stjórnsýslusviði
2020/47	Akureyrarbær - Húsnæðisskrifstofan á Akureyri - húsnæðisdeild	4,35	Elín Dögg Guðjónsdóttir stjórnsýslusviði
2020/48	Akureyrarbær - starfsmannadeild	0,64	Elín Dögg Guðjónsdóttir stjórnsýslusviði
2020/49	Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Norðurlandi-eystra	0,05	Elín Dögg Guðjónsdóttir stjórnsýslusviði
2020/50	Glerárskóli	0,05	Elín Dögg Guðjónsdóttir stjórnsýslusviði
2020/51	Jakob Karlsson (1885-1957) kaupmaður	0,08	Bergljót Jónasdóttir
2020/52	Gústav Adolf Andersen (1905-1982) málari	0,01	Rósa Andersen
2020/53	Hjörtur Björnsson (1907-1985) verkamaður og bóndi	0,03	Birna Laufdal Hróarsdóttir
2020/54	Þórður A. Jóhannsson og Signý Stefánsdóttir Akureyri	0,01	Signý Jónsdóttir
2020/55	Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu	0,03	Ólafur Vagnsson
2020/56	Skipulags- og byggingafulltrúi Eyjafjarðar	1,26	Vigfús Björnsson
2020/57	Þorvaldur Þorsteinsson (1960-2013) listamaður og rithöfundur	2	Helena Jónsdóttir
2020/58	Akureyrarbær - Fasteignir	1,26	Kári Einarsson stjórnsýslusviði
2020/59	Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi	0,28	Svanfríður Larsen
2020/60	Foreldrafélag barna með sérþarfir	0,16	Svanfríður Larsen
2020/61	Proskahjálp á Norðurlandi	0,14	Svanfríður Larsen
2020/62	Gísli Eyland og Jenný Nielsen Eyland Akureyri o.v.	0,4	Dóróthea Júlía Eyland
2020/63	Erla Elísdóttir og Leifur Tómasson Akureyri	0,93	Þóra Leifsdóttir
2020/64	Húnvetningafélagið á Akureyri	0,03	Bára Sigurðardóttir
2020/65	Skipulags- og byggingafulltrúi Eyjafjarðar	0,82	Sigríður Hrefna Pálsdóttir
	<b>Hillumetrar alls:</b>	<b>50,59</b>	

©Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2021  
Texti: Lára Ágústa Ólafsdóttir  
Forsíðumyndin er frá sýningunni *Hernumið land*  
Prófarkalestur: Sunnefa Lind Þórarinsdóttir og Þorsteinn Gunnar Jónsson  
Vefútgáfa: <http://www.herak.is/um-safnid/arsskyrslur>